

ók bifreiðinni niður í bæinn og hitti þar Jens Eyjólfsson, byggingarmeistara, og ók honum heim til hans á Grettisgötu 11. Síðan ók kærður áleiðis heim til sín og er hann kemur á Tryggvagötu, kom lögreglan til hans og stöðvaði bifreiðina, kærður ók bifreiðinni samt heim til sín, en lögregluþjónn sat við hlið hans.

Kærður viðurkennir það að hafa verið undir áhrifum áfengis og kemur það heim við skýrslu lögreglunnar.

Kærður hefir gengið inn á 100,00 kr. sekt 13. apríl þ. á. fyrir samskonar brot.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómars að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna, nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið hæfilega ákveðin missi ökuskirteinis í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa aðt elja.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 7. desbr. 1928.

Nr. 87/1928.

Valdstjórnin (Svb. Jónsson)
gegn

Þorkeli Ólafssyni (Guðmundur Ólafsson).

Ölvun.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 1. okt. 1928: Kærður, Þorkell Ólafsson, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður greiðist af allmannafje.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur gekk í máli þessu í hjeraði hafa ný vitni verið leidd, þar á meðal Guðmundur Ingi Einarsson, sem kærði fór heim til þegar lögregluþjónninn skildi við hann 29. ág. þ. á. Hefir vitni þetta lýst ásigkomulagi kærða þannig, að af því má ráða, að kærði hafi verið ölvaður, svo sem lögregluþjónninn

Sigurður Gíslason hefir borið. Með vitnisburðum þessara tveggja vitna, er styrkjast við vitnisburð hins nýja vitnis Einars Eiríkssonar, veitingamanns á Reykjavíkur Bar, þykir það sannað að kærði hafi verið svo ölvaður við umrætt tækifæri, að hann hafi orðið brotlegur gegn 16. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928 og ákveðst refsingin samkvæmt 36. gr. laganna 50 kr. sekt til rikissjóðs, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Kærði Þorkell Ólafsson greiði 50 kr. sekt í rikissjóð, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd innan 14. daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað málsins bæði í undirrjetti og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þorkeli Ólafssyni, söðlasmið til heimilis á Vesturgötu 26 B, hjer í bænum fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928.

Það er sannað með eigin játningu kærðs, er kemur heim

við það. sem á annan hátt er upplýst í málinu, að hann hafi gengið út af Reykjavíkur Bar ásamt Birni Halldórssyni 29. f. m. um kvöldið og gengu þeir saman niður á »planið» fyrir neðan hús, er O. Ellingsen kaupmaður rekur versluu sína í. Kom þar að Sigurður Gíslason, lögregluþjónn, og hefir hann kært Þorkel fyrir það að hann hafi verið ölvaður í þetta skifti, en kærður hefir hinsvegar neitað því.

Í máli þessu hafa verið leidd 3 vitni, sem öll hafa staðfest framburð sinn. Vitnið Vilhelm Knudsen, er gerði lögreglunni aðvart, hefir borið það, að það hafi alls ekki sjeð að kærður væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Sigurður Grímsson hefir hinsvegar borið það, að það hafi sjeð, að kærður var undir áhrifum áfengis, er það kom til hans og fór að tala við hann, en það hefir haldið því fram, að kærður hafi ekki slagað og ekki haft í frammi neitt það, sem til lýta mætti teljast á almannafæri. Vitnið Sigurður Gíslason, kærðandinn, hefir haldið því fram, að kærður hafi verið óstýrkur í gangi áfengislykt fram úr honum og að jafnframt hafi mátt heyra á mæli hans, að hann væri ölvaður, en þó kveður það, að hann hafi ekki verið með drykkjuröfl.

Á þessum framburði vitnanna virðist ekki auðið að byggja refsíðóm yfir kærðum, með því að það virðist ósannað að hann hafi verið ölvaður við hið umrædda tækifæri.

Það ber því að áliti dómarans að sýkna kærðan af þessari kæru. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. desbr. 1928.

Nr. 47/1928.

Sjómannafjelag Reykjavíkur

(St. Jóh. Stefánsson)

gegn

H.f. Sleipnir (M. Guðmundsson).

Dagpen. sjúklings í heimahúsum, sbr. 95. gr. sigl.¹.

Dómur sjóðóms Reykjavíkur 4. ág. 1928:
Stefndur, Magnús Blöndal, dr. Alexandir Jóhannesson og Sig-
hvatur Blöndahl f. h. h.f. »Sleipnis» greiði stefnandanum,